


## Spurningin

Ertu búin/n að skipuleggja páskana?



Ólöf Arnardóttir starfsstúlka: Nei, ég verð að vinna um páskana.




Fríða Hrund Einarsdóttir nemi: Nei, en ég stefni að því að skemmta mér og njóta lífsins.



Guðlaugur Ágústsson þingvörður: Nei, en ég var að hugsa um að fara í sumarþústaðinn.



Stefania Guðlaug Baldursdóttir, nemi í verkfalli: Já, það á að skreppa til Ólafsfjarðar.



Íris Björk Baldursdóttir og Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir: Ég ætla að fara til Ólafsfjarðar ef veður og færð leyfir.



Stefania Óttarsdóttir nammigrís: Ég ætla að borða stærsta páskaeggjö.

## Lesendur

Opið bréf til Gunnars Kvarans:

# Grafískt þrykk og eftirprentun


Ríkhildur Valtingoer skrifar:

Heill og sæll, Gunnar! Föstudaginn 10. mars sl. hélt ég því fram í DV að þær myndir sem til sýnis eru að Kjarvalsstöðum séu ekki grafíkmyndir í þeim skilningi sem viðtekin er um víða veröld meðal listamanna, listaverkasala og stjórnenda listasafna, heldur eftirprentanir af teikningum. – Í sama blaði lýsir þú yfir að grafíkmynd sé í eðli sínu þrykk, sem er laukrétt – en snerfir hvergi kjarna málsins: muninn á grafísku þrykki og eftirprentun.

Grafík er fullgild grein á meibi myndlistarinnar líkt og vatnslitamyndir, höggmyndir, olíumálverk og lýtur sömu lögmálum og aðrar greinar myndlistar, þ.e. að verknaðurinn sjálfur, að búa til grafíkmynd er upprunalegt sköpunarferli, myndin sprettur á og af tilfinningasviði listamannsins, hún er niðurstaða af sálrænu, líkamlegu og verkænu ferli. Við skulum bara leyfa okkur að nota hugtakið sköpunargleði.

Hæpið er aftur á móti að tengja það hugtak vinnu offsetprentarans, sem fær mynd upp í hendurnar til þess að gera af henni eftirprentanir. Grafískt myndlistarverk er niðurstaða af ferli sem hefst með hugmynda-vinnu listamannsins, en stór hluti þess er af handverkslegum toga, sjálf baráttan við að koma hugmynd í ápreifanlegt form á plötu og með þrykki.

Ég get verið sammála þér um „að



– Bréfitari við eina af myndum Lennons á Kjarvalsstöðum.

það eru margir góðir bakarar í Reykjavík“, og reyndar víðar um landið, en fáir koma fram með nýjungar í kókugæðarlist en þeir baka þó brauð til þess að metta ótal munna. Engum blöðum er um að fletta, að brauð telst til nauðsynja, og án brauðsins væru kókurnar reyndar ekki til.

Um sýninguna á eftirprentunum af teikningum Johns heitins Lennons hef ég ekki mikið fleira að segja. Teikningarnar sem slíkar uppfylla margar af þeim kröfum sem gerðar eru til listar í samræmi við það sem

hér var talið upp að framan, en þar skortir þó upp á ákveðna verkþætti frá listamannsins hendi til þess að gerlegt sé að flokka þær sem upprunalega grafík.

Vandaðar eftirprentanir eru ætlaðar til þess að kynna list á breiðum grundvelli, auka útbreiðslu hennar og gera stórum hópum fjárhagslega mögulegt að eignast góðar myndir. – Hið neikvæða aftur á móti, að stundum er siglt undir fólksu flaggi og reynt að telja almennings trú um að eftirprentun sé upprunalegt grafískt listaverk. Það er bisness.

## Hugarfarsbylting þjóðarinnar

Hrafnhildur Sigurðardóttir skrifar:

„Það dugir ekkert minna,“ sagði Kristín Halldórsdóttir í þætti Stefáns Jóns Hafstein, Sjónarhorni, á Stöð 2 nýlega, þar sem ofangreint efni var m.a. til umræðu. Ég er henni þar hjartanlega sammála eftir allar þær skoðanir og skýrslur sem fram hafa komið um launamisrétti milli kynjanna. Og ég fráiði mér enn eina

skoðunina á málinu eins og „sjálfstæða konan“ lagði til. – Aðgerða er nefnilega þörf, hér og nú.

Og sannarlega brást Kvinnalista-konan ekki, því hún hreinlega ýtti hugarfarsbyltingunni úr vör með því að benda á ójafnvægi orðanna „vinnuveitandi“ og laun„þegi“. Hún sagðist helst ekki taka sér það orð í munn. – Hópar fólks væru vinnu-

kaupendur og síðan aðrir vinnuselendur.

Og nú, ágæta en fámenna íslenska þjóð, sem ekki hefur þokast úr sporunum í tuttugu ár; taktu þér tak í þessu máli og sýndu að þú sért þess megnug að útrýma misrétti orðanna. Það kostar ekki krónu, en gæti komið mörgum niður á jörðina. – Þökk sé kvinnalistakonunni.

## Reiðhöllin í Víðidal

Fáksfélagi skrifar:

Oft sér fólk slæmu hlutina og talar mikið og illa um þá en lætur góðu málin liggja á milli hluta.

Reiðhöllin í Víðidal er nú í fullum gangi þar sem Reykjavíkurborg og Hestamannafélagið Fákur hafa gert rekstrarsamning.

Reykjavíkurborg sér um skipulögð námskeið eftir hádegi alla virka daga. Þar eru tvær úrvalsstúlkur sem kenna 20 krökkum í um klukkustund eða samtals um 80 krökkum á dag. Einnig er knattspyrna stunduoð barna af þróttafélagunum.


Fákur er með námskeið fyrir ungl-

inga og komast færri að en vilja. Almennir tímar sem við Fáksmenn getum mætt í eru rúmlega hundrað á mánuði og kostar mánaðarkortíð aðeins 155 krónur. Ég vil hvetja alla félagamín til að fara í Reiðhöllina, því þarna er frábær aðstaða, sem ekki allir vita hvað býður upp á, þegar laga þarf eða þjálfast hest.

Og loks er búið að ráða starfsmann sem er vel að sér í hestamennsku. Hann er hjálplegur og kann vel að umgangast okkur hestamennina og

hesta okkar. Nauðsynlegt er að hafa slíkan mann þar sem um lifandi dýr er að ræða. Þau geta flækt sig, þau geta fælst, fólk getur dottið af hestbaki, o.s.frv. Það er ekki meðfætt eða öllum gefið að umgangast skepnur.

Það var löngu tímabært að ráða mann eins og Karl Óskar Hjaltason sem skilur þarfir okkar hestamanna og hestanna okkar. Hann vill greinilega hag Reiðhallarinnar sem mestan. Þeir eiga þakkrir skildar sem réðu þennan ágætismann.



Í Reiðhöllinni í Víðidal er frábær aðstaða fyrir hestamenn og þá sem vilja læra.

**LESENDAþjónusta**  
allan sólarhringinn  
**99 15 00**  
Aðeins 39,90 mínútan  
— eða hringið í síma  
**563 2700**  
milli kl. 14 og 16

### Alltaf varnarliðsþyrlur

Egill hringdi:

Eftirtektarvert er að þegar mikið liggur við er ávallt kallað á þyrlur frá varnarliðinu. Nú síðast til að leita að mönnum sem saknað var á hálandinu. Einu sinn var það viðkvæðið að íslenskar þyrlur væru í skoðun eða annað sem hamlaði tiltækum aðgerðum þeirra. Ég held við ættum bara að halla okkur alfarið að þyrlum varnarliðsins og sameina þá rekstur Gæslunnar og varnarliðsins.

### Stjórnlagagönging!

Tryggvi Bjarnason skrifar:

Nýtt stjórn málafl, Þjóðvaki, setur fram nýja hugmynd til stjórnalaga og er hún þess virði að huga að því sem þar kemur fram og má nefna nokkur dæmi þar um. – Skarpari skil milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds (m.a. að ráðherrar afsali sér þingmennsku). – Afnema heimild til setningar bráðabirgðalaga. – Afnema þingförsétt. – Auka rétt kjósandans í þjóðaratkvæðagreiðslu í stærri málum þjóðarinnar. – Valfrelsi kjósandna verði aukið með persónukjöri.

### Í burtu frá landsbyggðinni

Gunnar Guðmundsson skrifar:

Ég er einn þeirra mörgu landsbyggðarmanna sem hef ásamt fjölskyldu minni þolað þetta veðraviti vetrarlangt – og sér ekki enn fyrir endann á því. Það er staðföst ætlan okkar, og margra annarra, að hætta ekki á annað eins líf næsta vetur. Við ætlum í burtu frá landsbyggðinni suður eða jafnvel setjast að erlendis. Sumir vilja doka við og reyna aðra vetursetu en flytja svo burt bjóði ekki næsti vetur upp á betri tíð. – Ég segi fyrir mig. Það er hægt að byrja nýtt líf annars staðar og allt til vinnandi að geta lifað við aðrar aðstæður en þær að moka sig út nánast um þakgluggana dag hvern.

### Mér er nóg boðið!

Jóna Pálsdóttir skrifar:

Ég er ekki vön að skrifa í blöð en mér finnst tími til kominn að gert verði eitthvað í bæjarmálunum í Hafnarfirði. – Núverandi meirihluti sýnist mér hafa það eitt að markmiði að leggja niður alla atvinnustarfsemi í bænum og gera íbúnum eins erfitt fyrir og nokkur kostur er. Og skattar og álögur hafa aldrei hækkað eins og á þessu ári. Svo er einnig um leikskólagjöld, lóðaleigu, útsvar, vatnsskatt o.fl. Ég held að bóvari sjálfstæðismanna hafi eitthvað misreiknað sig þegar gauragaurinn var hvað mestur um fjárhag bæjarins. Mér er nóg boðið. Ég vil fá alvörustjórnendur er bera hag bæjarins fyrir brjósti.

### Barátta fyrir betri skóla

Jónasína Karlsdóttir hringdi:

Ég las nýlega frétt um fund foreldra á Hótel Sögu varðandi afleiðingar kennaraverkfallsins. Einnig las ég grein í Mbl. þar sem rædd voru vandræði nemenda hvað varðar félagslega aðstöðu. – Að þessum lestri loknum undrast ég að við, foreldrar, skulum ekki leggjast á eitt um að: 1. Berjast fyrir auknu fjármagni fyrir betri skóla. 2. Heimilinn geri kröfu til að geta alið börn sín upp þannig að félagsleg vandamál barna hverfi. – Baráttan hlýtur þó fyrst og fremst að standa um betri skóla.